HAFNARFJÖRÐUR

# Miðbær Hafnarfjarðar

Húsakönnun



HAFNARFJÖRÐUR 2019

Unnið samkvæmt beiðni Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt FAÍ vann skráninguna.

Björn Pétursson bæjarminjavörður Hafnarfjarðar skrifaði sögulegt ágrip.

Rósa Karen Borgþórsdóttir safnvörður á Byggðasafni Hafnarfjarðar aflaði sögulegra upplýsinga.

Elsa Jónsdóttir landfræðingur hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar aðstoðaði við gerð korta.

Málfríður Kristjánsdóttir og Rósa Karen Borgþórsdóttir tóku ljósmyndir á árinu 2018.

Ljósmyndir í sögutexta:

Guðbjartur Ásgeirsson: Þakgrind risin á Strandgötu 4  um 1930

Sæmundur Guðmundsson: Strandgata um 1920

H.W. Friis: Austurgata 30/ Miðsund 1907

## Efnisyfirlit

**1. Formáli** ........ **1**
**2. Sögulegt ágrip** ........ **2**
**3. Kort**
Miðbær húsaskrá ........ 5
Hverfisvernduð götumynd ........ 6
Hnitaskrá ........ 7
**4. Heimildaskrá** ........ **8**
**5. Húsaskráning**
Austurgata ........ 9
Fjarðargata ........ 27
Gunnarsund ........ 34
Linnetstígur ........ 36
Lækjargata ........ 40
Mjósund ........ 45
Strandgata ........ 48
Suðurgata ........ 76
Víkingastræti ........ 81

## Formáli

Í janúar 2018 fól Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar Málfríði Kristjánsdóttur arkitekt að gera húsaskráningu fyrir miðbæ Hafnarfjarðar. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig.

Svæðið sem um ræðir nær yfir elstu götur Hafnarfjarðar og var það síðast deiliskipulagt árið 2001. Fyrirhugað er að endurskoða þetta skipulag.

Minjastofnun Íslands lagði til húsaskráningarforrit og hefur veitt leiðbeiningar. Byggðasafn Hafnarfjarðar veitti aðgang að ljósmyndum, manntali, brunavirðingum og aðstoðaði við skráningu á sögu einstakra húsa. Hefur framlag safnsins verið ómetanlegt. Þá hafði höfundur skráningar ótakmarkað aðgengi að teikningasafni byggingafulltrúaembættisins. Öll húsin voru ljósmynduð og skoðuð á staðnum.

Skráningin tekur alls til 76 bygginga. Þar af voru 3 friðaðar 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Þann 3. mars 2014 friðlýsti forsætisráðherra að tillögu Minjastofnunar Íslands innréttingar í anddyri, forsal og bíósal Bæjarbíós á Strandgötu 6. Alls eru 29 hús hundrað ára eða eldri og eru þau friðuð samkvæmt 29. gr. laga nr. 80/2012. Fimm hús voru byggð á árunum 1920-1925 og því samkvæm sömu grein er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef fyrirhugað er að breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er hverfisverndarákvæði á Austurgötu og Suðurgötu. Hverfisverndarákvæði Austurgötu hljóðar svo : „Óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki er heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa verður að taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar. Við viðhald og endurbyggingu húsa er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni. Óheimilt er að raska hrauni“. Hverfisverndarákvæðið fyrir Suðurgötu er eftirfarandi: „Ekki má breyta útliti eða formi húsa frá upprunalegu útliti og formi þeirra. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni“.

Varðveislumat húsanna á svæðinu er almennt hátt og er aðgát nauðsynleg til að raska sem minnst byggðamynstri á elsta hluta svæðisins.

# Sögulegt ágrip

Á svæði því sem húsaskráning þessi nær yfir er að finna hluta af elstu byggð Hafnarfjarðar. Það afmarkast af Austurgötu, Reykjavíkurvegi, Fjarðargötu og hluta Strandgötu, Suðurgötu og Brekkugötu. Segja má að svæðið skiptist í tvennt við Hamarskotslækinn en landslagið á þessu svæði er tvíþætt, annars vegar hraunbreiðan vestan lækjar og hins vegar grágrýtismalir og klappir sunnan lækjar. Landslagið sunnan lækjar myndaðist er hraun rann til sjávar í miklu eldgosi sem kom upp ofan við Kerlingaskarð á hlýindaskeiði síðustu ísaldar en hraunið vestan lækjar rann úr Búrfelli fyrir rúmum 7.000 árum. Landslag hefur haft mikil áhrif á byggðaþróun í Hafnarfirði þar sem hraunið var úfið og erfitt byggingaland en myndaði um leið skjólsælan fjarðarbotn og eina bestu höfn landsins frá náttúrunnar hendi. Ásýnd þessa svæðis hefur breyst mikið af mannavöldum í gegnum tíðina, upphaflega markaði Strandgatan útlínu fjarðarbotnsins en um 1930 var hafist handa við uppfyllingar sjávarmegin við hana. Segja má að það hafi hafist þegar Strandgata 4 var byggð en því hefur verið haldið fram að það hús sé fyrsta húsið á Íslandi sem byggt var á uppfyllingu. Í kjölfarið fóru hús að rísa neðan við götuna og lokakafli þeirrar vinnu var á sjöunda áratug 20. aldar þegar Fjarðargatan var fullgerð. Á umræddu skráningarsvæði sem nær yfir hluta af tveimur af þeim fjórum fornu bújörðum sem í Hafnarfirði voru, Akurgerði og Hamarskots eru 36 hús sem njóta verndar eða eru friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012. Einkenni og sérstaða byggðarinnar í Hafnarfirði byggir fyrst og fremst á þremur þáttum. Í fyrsta lagi sambýli hrauns og byggðar, í öðru lagi sérstöku bæjarstæði með nánu samspili hafnar og byggðar og í þriðja lagi miklum fjölda bárujárnsklæddra timburhúsa og einkenna öll þessi atriði umrætt skráningarsvæði. Hvergi á landinu er í dag varðveitt jafnstór samfelld byggð bárujárnsklæddra timburhúsa og í Hafnarfirði.



*Þakgrind risin á Strandgötu 4  um 1930*

Á fyrri hluta 19. aldar fór byggð í Firðinum að aukast og varð það fyrst og fremst í lægðinni sunnan lækjar. Þar stóðu nokkrar þurrabúðir á víð og dreif en eftir því sem árin liðu fjölgaði þeim og breyttust í smábýli. Byggðin í hrauninu norðan lækjar var alla tíð mjög óskipulögð og kotum og bæjum komið fyrir þar sem henta þótti hverju sinni. Áhugavert dæmi um þetta er kort sem teiknað var af Hafnarfirði árið 1902 og varpar áhugaverðu ljósi á skipulagið. Þá var Strandgatan grunngata í gegnum bæinn en frá henni lágu stígar og slóðar sem hlykkjuðust um hraunið og sést þar vel að húsum hefur einkum verið valinn staður þar sem landslagið leyfði frekar en eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Til er ferðalýsing erlendra manna sem fóru um Hafnarfjörð á fyrstu árum 20. aldar þar sem fram kemur að það hafi komið þeim á óvart hve fá hús voru í bænum en að þeir hafi víða séð reyk stíga upp úr hraunbollum. Það var til merkis um að þar niðri væru mannabústaðir.



Þegar líða tók á 19 öldina og allt fram að lokum þriðja áratugar þeirrar 20. voru timburhús ráðandi í Hafnarfirði. Nokkur breyting varð á ásýnd þeirra upp úr 1880 þegar hin svokallaða sauðasala hófst til Englands. Samhliða henni fóru ýmiskonar viðskipta-sambönd á milli landana að styrkjast og hófst þá innflutn-ingur á ýmsum vörum sem áður höfðu ekki þekkst hér á landi. Meðal þess sem þá var flutt til landsins og hafði ekki þekkst hér áður var bárujárnið sem reyndist mikið þarfaþing. Járnið gerði húsin vatnsþétt auk þess að draga úr eldhættu utan frá og vera almennt ódýrara en timbrið. Eftir sem áður voru mörg húsin áfram byggð í norskum sveiserstíl en hann var aðlagaður íslenskum aðstæðum með því að járnklæða þau. Í Hafnarfirði var þó lengi töluvert af svokölluðum timburbæjum, bárujárnsklæddum en það sem einkenndi þá voru að veggir þeirra voru það lágir að einungis voru gluggar á göflunum.



*Strandgata um 1920*

Segja má að þegar Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1908 hafi ekki verið nokkurt skipulag á byggðinni og fáar eiginlegar götur í bænum. Strandgatan og Reykjavíkurvegurinn voru þó á sínum stað en að öðru leyti má segja að einungis hafi verið um slóða og stíga að ræða. Þar sem bæjarfélagið var fámennt og bæjarsjóður ekki vaxinn til stórframkvæmda var ljóst að kostnaðarsamar framkvæmdir eins og gatnagerð var, sérstaklega í svo erfiðu landslagi, yrðu ekki forgangsverkefni. Árið 1911 var sett á fót nefnd sem fékk það hlutverk að gefa götum og slóðum í Hafnarfirði nöfn og tölusetja hús í bænum. Í greinargerð sem nefnd þessi sendi frá sér sagði meðal annars: „Þegar maður fer um Hafnarfjörð og virðir fyrir sér byggðina, verður maður þess fljótt var, að öll ný veglagning er bundin miklum örðuleikum, ekki aðeins vegna hins hrjóstruga landslags, heldur einkum og ekki sízt sökum þess, hve óreglulega hefir verið byggt og ekkert fyrir hugað frá öndverðu um það, hvar vegir ættu að byggjast, þegar fram liðu stundir.“ Niðurstaða nefndarinnar var að gefa flestum þeim götum og slóðum sem fyrir voru í bænum nöfn en á þeim svæðum sem skipulagsleysið var hvað mest var brugðið út af þeirri reglu og svæðin einfaldlega kölluð „hverfi“ og hús númeruð innan þeirra. Á því svæði sem þessi skýrsla nær til voru Strandgata, Suðurgata, Nyrðri- og Syðri-Lækjargata, Mjósund, Miðsund, Gunnarssund, Brattagata,



*Miðsund um 1907*

Brekkugata, Templarasund og Reykjavíkurvegur, síðar bættist Linnetstígur og Austurgata við. Nöfn þessara gatna voru ýmist dregin af landslaginu eða byggðinni sem þar var. Lækjargöturnar lágu við Hamskotslækinn, Brekkugata og Brattagata voru í hallanum undir hamrinum, Templarasund við Góðtemplarahúsið, Gunnarssund er kennt við Gunnarsbæ, Linnetstígur við verslunarhús Linnets-verslunarinnar, Strandgatan við ströndina, Suðurgatan lá í suður frá bænum og Reykjavíkurvegurinn til Reykjavíkur.




# HAFNARFJÖRÐUR MIÐBÆR

# HÚSASKRÁ:

- FRIÐLÝST HÚS
- FRIÐUÐ HÚS ELDRI EN 100 ÁRA
- UMSAGNARSKYLD HÚS

Fylgiskjal með húsaskráningu 2019




# HAFNARFJÖRÐUR MIÐBÆR

# HÚSASKRÁ:

HVERFISVERNDUÐ GÖTUMYND

<u>Hverfisverndarákvæði Austurgötu:</u> Óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki er heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa verður að taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar. Við viðhald og endurbyggingu húsa er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Þar sem viðbygginar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni. Óheimilt er að raska hrauni.

<u>Hverfisverndarákvæði Suðurgötu:</u> Ekki má breyta útliti eða formi húsa frá upprunalegu útliti og formi þeirra. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni.

Fylgiskjal með húsaskráningu 2019




## Hnitaskrá - Miðbær

| x | y | |
|---|---|---|
| 355670.964 | 399701.731 | Strandgata_1 |
| 355664.170 | 399662.678 | Strandgata_4 |
| 355679.458 | 399650.226 | Strandgata_6 |
| 355707.768 | 399666.640 | Strandgata_9 |
| 355698.142 | 399627.586 | Strandgata_8-10 |
| 355721.357 | 399650.226 | Strandgata_11 |
| 355751.933 | 399612.305 | Strandgata_17 |
| 355742.873 | 399604.381 | Strandgata_17b |
| 355747.403 | 399593.627 | Strandgata_19 |
| 355758.727 | 399598.155 | Strandgata_19b |
| 355754.764 | 399582.874 | Strandgata_21 |
| 355750.800 | 399529.671 | Strandgata_24 |
| 355775.147 | 399547.782 | Strandgata_25 |
| 355784.207 | 399535.331 | Strandgata_27 |
| 355792.700 | 399521.181 | Strandgata_29 |
| 355809.686 | 399505.899 | Strandgata_31 |
| 355791.567 | 399471.940 | Strandgata_32 |
| 355818.745 | 399491.184 | Strandgata_33 |
| 355795.531 | 399453.829 | Strandgata_34 |
| 355824.408 | 399464.016 | Strandgata_37 |
| 355844.791 | 399467.978 | Strandgata_37b |
| 355827.805 | 399456.093 | Strandgata_39 |
| 355830.070 | 399443.641 | Strandgata_41 |
| 355836.298 | 399414.210 | Strandgata_43 |
| 355834.599 | 399370.063 | Strandgata_49 |
| 355842.526 | 399316.294 | Strandgata_51_kirkja |
| 355835.166 | 399273.279 | Strandgata_51_tónlistarskóli_safnaðarheimili |
| 355673.560 | 399613.883 | Linnetsstígur_1 |
| 355708.196 | 399585.752 | Linnetsstígur_2 |
| 355685.466 | 399614.604 | Linnetsstígur_3 |
| 355777.830 | 399617.490 | Linnetsstígur_6 |
| 355682.219 | 399565.195 | Fjarðargata_9 |
| 355630.625 | 399538.146 | Fjarðargata_9a |
| 355698.816 | 399537.425 | Fjarðargata_11 |
| 355729.483 | 399479.360 | Fjarðargata_13-15 |
| 355746.441 | 399394.967 | Fjarðargata_17 |
| 355797.313 | 399375.852 | Fjarðargata_19 |
| 355831.228 | 399539.228 | Gunnarssund_3 |
| 355839.165 | 399525.523 | Gunnarssund_4 |
| 355844.938 | 399447.262 | Mjósund_1 |
| 355861.895 | 399430.311 | Mjósund_2 |
| 355863.699 | 399441.491 | Mjósund_3 |
| 355850.711 | 399400.377 | Lækjargata_1 |
| 355861.174 | 399385.590 | Lækjargata_3 |
| 355877.770 | 399372.246 | Lækjargata_5 |
| 355891.481 | 399356.016 | Lækjargata_9 |
| 355898.336 | 399352.410 | Lækjargata_11 |
| 355879.025 | 399275.139 | Suðurgata_7 |
| 355872.845 | 399256.046 | Suðurgata_9 |
| 355834.926 | 399199.611 | Suðurgata_14 |
| 355827.904 | 399158.337 | Suðurgata_18 |
| 355807.399 | 399125.206 | Suðurgata_24 |
| 355745.605 | 399160.303 | Víkingastræti_1 |
| 355749.537 | 399129.137 | Víkingastræti_2 |
| 355778.468 | 399147.387 | Víkingastræti_3 |
| 355685.348 | 399705.557 | Austurgata_4a |
| 355706.024 | 399698.801 | Austurgata_8 |
| 355718.396 | 399694.519 | Austurgata_10 |
| 355719.542 | 399683.698 | Austurgata_10b |
| 355733.856 | 399683.300 | Austurgata_12 |
| 355754.531 | 399667.005 | Austurgata_16 |
| 355781.568 | 399600.632 | Austurgata_22 |
| 355808.207 | 399580.362 | Austurgata_24 |
| 355813.774 | 399570.426 | Austurgata_26a |
| 355820.135 | 399556.118 | Austurgata_26 |
| 355852.341 | 399508.028 | Austurgata_28 |
| 355857.908 | 399498.489 | Austurgata_30 |
| 355871.028 | 399477.822 | Austurgata_32 |
| 355878.980 | 399464.309 | Austurgata_34 |
| 355889.716 | 399453.180 | Austurgata_36 |
| 355896.475 | 399431.321 | Austurgata_38 |
| 355906.415 | 399412.244 | Austurgata_40 |
| 355913.572 | 399396.743 | Austurgata_42 |

## Heimildaskrá


Ásgeir Guðmundsson (1983). *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983, Rit 1 og 2*. Skuggsjá.

Björn Pétursson og Steinunn Þorsteinsdóttir (2012). *Höfnin, saga Hafnarfjarðarhafnar.* Ljósmynd útgáfa.

Björn Pétursson, Jóhann Guðni Reynisson, Sigríður Valdimarsdóttir (2013), *Loksins klukknahljómur: Saga Fríkirkjunnar í Hafnarfirði í 100 ár.* Fríkirkjan, bls. 173 og 197.

Gísli Sigurðsson. *Samantekt út frá óútgefnu handriti Írisar Kristjánsdóttur. Hús og bæir í Hafnarfirði / líf og þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14. öld.*

Guðjón Friðriksson (2016). *Úr fjötrum. Saga Alþýðuflokksins*. Forlagið, bls. 151-152.

Karl Rúnar Þórsson (2008). *Húsaskráning Byggðasafns Hafnarfjarðar 2008.*
Sótt á http://www.minjastofnun.is/media/husakannanir/austurgata_husaskraning.pdf

Magnús Jónsson(1970). *Bær í byrjun aldar, 2. útgáfa*. Skuggsjá.

Sigurður Skúlason (1933) *Saga Hafnarfjarðar*. Félagsprentsmiðjan.

Alþýðublaðið 10. Janúar 1945

Brunavirðingarbækur frá 16.10.1916- 3.12.1946

Dagbók byggingarfulltrúans í Hafnarfirði 1.1.1927-1942

Fasteignamat Hafnarfjarðar 1916-

Fasteignaskrá/Þjóðskrá Íslands skra.is

Fundargerðir Bygginganefndar Hafnarfjarðar, 1917-.

Manntalskrá Hafnarfjarðar 1913-1927

Morgunblaðið 16. ágúst 1923 bls. 2

Sóknarmannatal Garðar á Álftanesi/Hafnarfjörður – skjalaskrar.skjalasafn.is

Teikningasafn byggingarfulltrúans í Hafnarfirði

Timarit.is – minningagreinar, afmælisgreinar.

**Byggingarár: 1933** Austurgata 04a Austurgata 4a

Fyrsti eigandi: Guðmundur Hróbjartsson
Hönnuður: Guðjón Arngrímsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Eldsmiðja, Steinsmiðja
Núverandi notkun: Íbúð / Bókasafn





Apríl 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Einlyft | Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Tvílyft<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1990 | Útlit og innra skipulag | Sigurður Þorleifsson, Byggingafræðingur |
| 1993 | Þakbreyting og settir þakgluggar. Íbúð 2. hæð stækkuð með rishæð. | Pétur Bolli Jóhannesson, Arkitekt |
| 1987 | Samþykkt "Steni" klæðning | Guðjón Arngrímsson, |
| 2003 | Húsið gert að tveimur íbúðum (2. og 3. hæð +ris ein íbúð). | Kári Eiríksson, Arkitekt |

## Saga

Húsið byggði Guðmundur Hróbjartsson á lóð sinni árið 1933, hafði hann áður byggt reisulegt timburhús sem þá átti Einar Einarsson klæðskeri,
Samkvæmt húsaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar 2008 er húsið byggt 1933. Bókaverslun Böðvars B. Sigurðssonar bóksala var á neðstu hæð hússins frá stríðsárunum til 1985.
Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er það sagt vera Austurgata 6 en það kom fyrir að húsnúmer á brunavirðngum skoluðust til. Er húsinu lýst þannig: "húsið er tvílyft með risi 4m. Niðri er því skipt í 4 stofur v.s. og 2 ganga. Uppi 3 stofur, eldhús, baðherbergi og gang. Undir öllu húsinu er 3mtr hár kjallari, honum er skipt í eldsmiðju, rennismiðju og geymslu. Að innan er húsið fóðrað með trétex, fóðrað og málað. Eldavél, þvottapottur, miðstöð og baðtæki í húsinu. Eldvarnargaflar á tvo vegu. Allt virt á 25.600kr.
Bókasafn Hafnarfjarðar nýtir kjallarann (neðstu hæðina) og er innangengt við Strandgötu 1.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Klassískt steypt hús sem hefur verið breytt mikið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hús þar sem notkun hefur verið breytileg. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggum breytt og rishæð breytt í heila hæð, klætt að utan með fiberplötum með steinsallaáferð |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið í sæmilegu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er hluti af hverfisverndaðri götumynd |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1909** Austurgata 08 Austurgata 8

Fyrsti eigandi: Óþekktur
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Skrifstofa og meðfrðarstofnun



Um 1930, Byggðasafn Hafnarfjarðar



Desember 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, stafverk | Timbur, stafverk |
| Útveggir: | Bárujárn | Ál |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1977 Gluggabreyting | |

## Saga

Húsið var áður Austurgata nr. 6 og þar áður Austurhverfi 12 og þar var áður hús Gísla Björnssonar. Þegar fyrsta brunavirðing var gerð 1918 þá var það ótölusett við Austurgötu og lýst þannig: a) Húsið er einlyft með risi 1 m. Því er skipt í þrjár stofur, eldhús anddyri og geymslu, klætt innan með panel. 2 stofurnar eru fóðraðar, allt málað. Geymslan óklædd innan é grind). Húsið notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er 1.5 m hár kjallari úr grjóti, steinlímdu með 2 gluggum, notaður til geymslu. 6 gluggar á húsinu, 1 eldavél og 2 ofnar.
Sonur Gísla, Óskar Aðalsteinn síðar forstjóri Eimskipafélags Reykjavíkur var fæddur og uppalinn í húsinu. Árið 1980 eru skráð 2 reynitré (ilmreynir) í garðinum. Óljóst er hvenær annað tréð var fellt. Upphaflega var húsið íbúðarhús, síðar skrifstofa Meistarafélags iðnaðarmanna. Síðar var þar Endurskoðun Hafnarfjarðar og þá Krýsuvíkursamtökin.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Dæmigert láreist timburhús sem byggð voru í Hafnarfirði í upphafi 20. aldar. Er óbreytt frá grunngerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Einfalt hús þar sem hefur verið breytileg starfsemi. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Fallega hlaðinn hár hraunkantur að Strandgötu áberandi í götumynd hennar. Einstaklega fallegur reyniviður á lóð. Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggum hefur verið breytt og málmklæðnigu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Í sæmilegu ástandi |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna byggingarstíls og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1913** Austurgata 10

Austurgata 10

Fyrsti eigandi: Magnús Guðjónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:


Um 1930, Byggðasafn Hafnarfjarðar


Apríl 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, stafverk | Timbur, stafverk |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt og hlaðin úr |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Reykháfur<br>Sléttmúraður eldvarnargafl |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Þaki milli 10 og 10B breytt, skotrenna | Ásmundur Sigvaldason, tæknifræðingur |
| 1936 | Byggt við húsið | |

## Saga

Austurgötu 10 byggði Magnús Guðjónsson árið 1913. Þegar fyrsta brunavirðing var gerð af húsinu árið 1917 var það þá númer 6. Árið 1936 sótti Magnús Guðjónsson um að byggja viðbyggingu við hús sitt sem þá var nr. 10. Hugðist hann hafa þar fiskbúð og fiskgeymslu

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Mjög upprunalegt, dæmigert hafnfirskt timburhús í góðum hlutföllum. Viðbygging rýrir gildi hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Dæmigert íbúðarhús frá upphafi 20. aldar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Grunngerð óbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Hefur verið haldið við |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna aldurs, byggingarlistar og götumyndar |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1937** Austurgata 10b 

Fyrsti eigandi: Magnús Guðjónsson

Hönnuður: Guðjón Arngrímsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



1980 Austurg. 10 og 10b, Byggðasafn Hfj.



Nóvember 2018, Austurg. 10 og 10b. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Flatt þak | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Kjallari<br>Einlyft | Kjallari<br>Einlyft<br>Útitröppur<br>Hluti húss bárujárnsklæddur |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1995 Þaki milli 10 og 10B breytt, skotrenna | Ásmundur Sigvaldason, tæknifræðingur |

## Saga

Magnús Guðjónsson sótti um og fékk leyfi til að byggja fiskgeymslu og fiskbúð við hús sitt Austurgötu 10. Guðjón Arngrímsson teiknaði og byggingarleyfi var samþykkt 14.9.1936. Árið 1937 byggingin risin og hún sögð vera Austurgata 12 er henni lýst þannig: Húsið er einlyft með vatnshallarisi. Byggt upp að timburhúsi sama eiganda, og er innangengt milli húsanna. Skipting: 1 stofa, anddyri og geymsla. Miðstöðvarhiti í stofu og anddyri frá gamla húsinu. Húsið er raflýst.
Brunavirðing bók I, 15.10.1937.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Viðbygging án sérstakra einkenna |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Upphaflega fiskbúð, nú íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið byggt við, klætt að utan að hluta og þaki breytt |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Múrhúðun þarfnast lagfæringar. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna hverfisverndunar á götumynd |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1872** Austurgata 12 

Fyrsti eigandi: Ólafur Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / verslun
Núverandi notkun: Íbúð



Austurgata 12, 1913



Sept. 2018 (RKB)

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Steinskífur |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2016 | Húsið flutt til á lóð, kjallari stækkaður, útlit nálægt upprunalegu, breytt inni | Sigurður Einarsson - Batteríið, Arkitekt |

## Saga

Hluti af menningar- og verslunarsögu Hafnarfjarðar. Ólafur Jónsson borgari bjó þar ásamt Kristínu Ólafsdóttur eiginkonu sinni. Hann rak verslun í húsinu en hann náði til sín mörgum viðskiptavinum með því að opna fyrr en keppinautarnir á morgnana. Hann lést 1882 og þá eignaðist Jörgen F. Hanssen húsið og hafði þar verslunarrektstur um tíma. Næst eignaðist
A.D. Birrel og co. húsið. Samkvæmt brunavirðingu 12. ágúst 1920 var eigandi Geir Zoega kaupmaður. Þá er einnig nefndur skúr til inngöngu á vesturhlið. Brunavirðing 15.10.1933, þá er eigandi Loftur Bjarnason og fleiri en fyrri eigandi Íslandsbanki og í húsinu er íbúð og skrifstofur.
Húsið flutt á steyptan kjallara við Austurgötu 2018.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Danskur stíll. timburhúss í góðum hlutföllum |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af sögu miðbæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Fært í sem næst upprunalegt horf 2018, endurbyggt |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið gert upp 2018 |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna aldurs, byggingarstíls, sögu og götumyndar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1932**

Austurgata 16

Fyrsti eigandi: Útvegsbanki Íslands
Hönnuður: Guðjón Arngrímsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 1931, Guðjón Arngrímsson



Apríl 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Kjallari<br>Ris<br>Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Kjallari<br>Ris<br>Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

Útvegsbanki Íslands byggði húsið fyrir Bjargmund Guðmundsson rafstöðvarstjóra Natan og Olsen árið 1931.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Stílhreint klassískt hús |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Dæmi um íbúðarhús embættismanns á fjórða áratug 20. aldar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsinu hefur nær ekkert verið breytt að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Hefur fengið gott viðhald |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna byggingarstíls, upprunaleika og staðsetningar. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 2016**

# Austurgata 22

Fyrsti eigandi: EC bygg ehf.
Hönnuður: Kári Eiríksson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 2015, vesturhlið.



Apríl 2018. austur. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Þrílyft<br>Útitröppur<br>Tvær hæðir að Austurgötu<br>Svalir | Þrílyft<br>Útitröppur<br>Tvær hæðir að Austurgötu<br>Svalir | | |

## Saga

Lóð þessa húss nær yfir tvö gömul örnefni, Hraunprýði og Brúarhraun. Þarna voru áður timburhús.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Tvö einföld hús tengd saman með útitröppum. Húsin eru aðlöguð umhverfinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Hefur ekki náð að skapa sér sögu |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur ekki verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýtt hús frá 2016. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna ungs aldurs og götumyndar. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1958** Austurgata 24 Austurgata 24

Fyrsti eigandi: Guðvarður Jónsson | Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson | Núverandi notkun: Íbúð



1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar



Maí 2018. MK

| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Reykháfur | | |

## Saga

Á 331. Fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar var samþykkt að heimila Guðvarði Jónssyni að byggja íbúðarhús á lóð hans, samkvæmt teikningu eftir Friðþjóf Sigurðsson. Var Beinteinn Sigurðsson húsasmíðameistari og múrarameistari var Einar Sigurðsson. Er húsið upphaflega teiknað með valmaþaki en því var breytt árið 1959 í vatnshalla þak eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar.
Árið 1989 keypti Fríkirkjan húsið sem varð fyrsta safnaðarheimili Fríkirkjunnar og var það allt til ársins 1995.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hús í anda 6. áratugs 20. aldar, ekki stílhreint. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús sem var um tíma safnaðarheimili. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu. Klettur norðan við er mikilvægur hluti götumyndarinnar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsinu hefur ekki verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Nokkuð gott ástand, huga þarf að múrskemmdum. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna götumyndar og nálægðar við hraunklett. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1919** Austurgata 26 Austurgata 26

Fyrsti eigandi: Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Samkomu, sjúkra- og gistihús
Núverandi notkun: Íbúð



1942-43 Emil Edgren



Apríl 2008 MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 2005 Húsið teiknað upp, björgunarop | Jón M. Halldórsson, Byggingafræðingur |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Ris<br>Portbyggt<br>Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur | Ris<br>Portbyggt<br>Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur | | |

## Saga

Í desember 1920 var innra skipulag þannig að í kjallara var samkomusalur, þrjár sjúkrastofur, stofa, gangur, þvottaklefi og tvær geymslur. Á hæðinni var samkomusalur, tvær stofur, tvö anddyri og eldhús. Í risi voru fjögur kvistherbergi, fjögur súðarherbergi, geymsluloft og gangur. 1927 eru sex sjúkrastofur í kjallara en enginn samkomusalur.
Samkvæmt húsaskráningu frá 2008 byggði Hjálpræðisherinn húsið sem sjómanna- og gistiheimili. Byggingarár 1920. Hafnarfjarðarbær leigði tvö herbergi í kjallara fyrir sjúkrastofur til 1932. Árið 1927 leigði bærinn allt húsið fyrir berklahæli og 1935 varð það elliheimili. 1935-1953 var rekið almenningsmötuneyti í húsinu og síðar leigði bærinn það til fólks í húsnæðisvanda. Nú eru 6 íbúðir í húsinu.

.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Virðulegt hús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Einstakt á þessum tíma með merka sögu, samkomuhús, sjúkrastofur, gistiheimili og fleira. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur nær ekkert verið breytt að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Ástand hússins gott. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna byggingarlistar, sögu og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1938**

Austurgata 26a

Fyrsti eigandi: Hafnarfjarðarbær
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Spennistöð
Núverandi notkun: Spennistöð



1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar



Apríl 2018. MK

| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | | | |
| Þakgerð: | Flatt þak | Flatt þak | | |
| Þakklæðning: | | | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Teikning var samþykkt í byggingarnefnd Hafnarfjarðar 1. nóvember 1937 og sögð staðsett við lóð Sveins V. Stefánssonar. Spennistöðin var en sambyggð skúr sem var leikeraverkstæði 1980 en hefur verið rifinn.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Kassi utan um spennistöð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Steypt utan um spennistöð í anda 4. áratugar 20. aldar. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af götumynd Austurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Lítið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Hefur fengið gott viðhald |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna götumyndar |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1923** Austurgata 28 

Fyrsti eigandi: Jón B. Pétursson
Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar



Apríl 2008. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1992 | Þakgluggar á suðvesturhlið. Garðskáli og svalir samþykkt, ekki | Kristján Ásgeirsson, Arkitekt |
| 1960 | Gluggar á 1. hæð við götu minnkaðir. Flat - og hornsúlur fjarlægðar. | Friðþjófur Sigurðsson, |
| 1996 | Húsinu skipt í tvær íbúðir. Þakgluggar á norðausturhlið. | Kristján Ásgeirsson, Arkitekt |

## Saga

Samkvæmt brunavirðingu 1923 var á neðri hæð sölubúð, vinnustofa, anddyri og geymsluklefi. Þar var skósmíðaverkstæði Jóns Bergsveins Stefánssonar. Anna Jónsdóttir ljósmyndari keypti síðar húsið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Eitt af steinsteyptu verkum Ásgeirs S. Stefánssonar. Nýklassískt verk þar sem flatar súlur og hornsúlur hafa verið fjarlægðar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Saga hússins þekkt, þar var verslun um tíma. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Grunngerð nær óbreytt, gluggar að götu minnkaðir og skraut fjarlægt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Kominn tími á málningu |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Einstakt dæmi um höfundarverk Ásgeirs S. Stefánssonar, hluti af götumynd Austurgötu. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Cristian Schmidt

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Austurgata 30 um 1907



Október 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bæði lóréttur panill og | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðinn grjóti, steinlímdu | Hlaðinn grjóti, steinlímdu | | |
| Útlit: | Ris<br>Einlyft<br>Portbyggt<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur | Ris<br>Einlyft<br>Portbyggt<br>Inngönguskúr (bíslag) | | |

## Saga

Þetta hús byggði Kristian Olaussen norskur maður.  Var hann valin úr 100 manna hópi þegar Jóhannes Reykdal auglýsti eftir manni til að setja upp vélar í nýtt trésmíðaverkstæði sem hann hugðist byggja við Hafnarfjarðarlækinn um 1902. Olav þessi ætlaði í fyrstu til Ameríku og hafði breytt nafni sínu í Christian Smith. C. Smith kom til landsins árið 1903 og fjölskylda hans kom árið eftir. Húsið var risið árið 1905 og ein dætra þeirra hjóna fæddist það sama ár í húsinu. C.Smith og fjölskylda voru flutt í burtu árið 1910 þar sem Smith hafði fengið starf vestur á fjörðum við nýstofnaða trésmíðaverksmiðju en lítið var þá um vinnu  í Hafnarfirði.
Í brunavirðingu 1916 segir að húsið hafi áður verið í eigu Jóns Sveinssonar en það ár er eigandinn Arnfríður Matthiesen. Hún var gift Matthíasi Á. Matthiesen skósmið en þau fluttu til Hafnarfjarðar árið 1913. Matthías hafði skósmíðaverkstæði sitt í viðbyggingu sem er næsta óbreytt. Húsið var fullbyggt löngu áður en gatan var lögð og tilheyrði húsið í fyrstu götuslóða sem hét Miðsund. Samkvæmt brunavirðingunni er húsinu lýst þannig: Húsið er tvílyft með risi 2,30m. Húsinu er skipt niðri í 3 stofur og anddyri og eldhús, allt klætt panel og málað, stofur fóðraðar. Uppi er húsinu skipt í 3 stofur, eldhús og annddyri, allt klætt panel og málað. 1 stofan fóðruð. Loft, rishæðin er notuð til geymslu. Húsið er eingöngu notað til íbúðar.9 gluggar á húsinu. Undir öllu húsinu er 1 metra hár kjallari úr grjóti steinlímdur, notaður til geymslu. 2 gluggar á kjallara. 2 eldavélar og 3 ofnar í húsinu. Allt virt á 6900 kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einstakir kvistir á vesturhlið, mörg einkenni sveiserhúss. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Saga hússins þekkt og er eitt af elstu húsunum við götuna, byggt áður en hún var lögð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Grunnform hússins hefur ekki breyst og húsið heldur sérkennum sínum þrátt fyrir að það sé bárujárnsklætt |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið í nokkuð góðu ásigkomulagi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Byggingarlistar, aldurs, sögu og hverfisvernd samkvæmt aðalskipulagi. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1906** Austurgata 32 Austurgata 32

Fyrsti eigandi: Jón Eyleifsson

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar



Apríl 1018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, stafverk | Timbur, stafverk |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Viðbygging<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur | Einlyft<br>Viðbygging<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1976 | Gluggabreyting | |
| 1979 | Stækkun, þak | |
| 1993 | Svalir og forstofa á norðvesturhlið | |
| 1933 | Hækkun og stækkun á Austurgötu 32. | Ingi Kristjánsson, |

## Saga

Í elstu brunavirðingu sem gerð var af húsinu er því lýst þannig:
a) Húsið er einlyft með risi 1,25m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, stofurnar fóðraðar, annars allt klætt panel og málað, notað til íbúðar.6 gluggar.
b) Við austurgafl hússins er skúr með vatnshallaþaki, skipt í anddyri og geymslu. stærð L. 5,90m. B. 2m. H. 2,25m. 2 gluggar. 1 eldavél, 1 ofn. Allt virt á 4550.
Götu og húsnúmerabreyting um 1930.
Samkvæmt húsaskráningu fékk húsið miðjukvist 1979. Eigandi 1932 er Jóhann Tómasson.
Þorsteinn Bjarnason sótti 1931 um að hækk ris á húsinu og stækka skúr samkvæmt teikningu eftir Guðmund Þ. Egilsson, yfirsmiður Þorsteinn Bjarnason. Teikningin var samþykkt 30.3.1931. Spurning hvort þetta á við um þetta hús. Heimild er dagbók byggingarfulltrúa.frá 1.1.1931
Jóhann Tómasson sótti um að lengja og hækka hús sitt Austurgötu 32. Teikning eftir Inga Kristjánsson og yfirsmiður var þorsteinn Bjarnason. Ekki getið um að þetta hafi verið samþykkt en fylgst er með breytingunni. Heimild er dagbók byggingarfulltrúa.frá 1.1.1931

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Grunngerð hússins dæmigerð fyrir upphaf 20. aldar |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af stækkunar og viðbyggingasögu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið mikið breytt frá upprunalegri gerð.<br>Hægt að lesa stækkunarsöuna. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Viðhald gott |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna hverfisverndaðrar götumyndar og grunngerðar hússins. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1913** Austurgata 34 Austurgata 34

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Bjarnason
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Trésmíðastofa í kjallara / Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



1980, Bygðasafn Hafnarfjarðar



Apríl 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, stafverk | Timbur, stafverk |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1931 | Viðbygging í baklóð, geymsla. | Guðmundur Þórir Egilsson, |
| 2005 | Viðbygging á einni hæð fjarlægð, í staðinn, nýbygging, kjallari og hæð. | Kári Eiríksson, Arkitekt |

## Saga

Þetta hús var ótölusett við Miðsund frá 1913
Þorsteinn Bjarnason trésmiður í Hafnarfirði ættaður frá Hlíð í Garðahreppi kvæntist Eyrúnu Jakobsdóttur frá Hofstöðum í Garðahreppi, 17. des. 1910. Þegar Þorsteinn fluttist með foreldrum sínum til Hafnarfjarðar bjuggu þau í Mjósundi 1
Frá árinu 1913 bjó fjölskylda Þorsteins Bjarnasonar trésmiðs og Eyrúnar Jakobsdóttur í húsinu. Síðar bjó sonur þeirra Jakob lengi í húsinu. Þegar húsið var byggt hafði Þorsteinn lokið námi í trésmiðju Jóhannesar Reykdal og má ætla að han hafi komið að smíði hússins.
Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst þannig:
a) Húsið er einlyft með risi 1m. Því er skipt í 3 stofur og eldhús, 2 stofur fóðraðar, annars klætt panel og málað, notað til íbúðar.4 gluggar. Undir öllu húsinu er 1,9m hár steinsteyptur kjallari með 3 gluggum, honum er skipt í 1 herbergi, eldhús (íbúð) og trésmíðaherbergi og geymslu, íbúðin klædd innan.
b) Við suðausturgafl hússins er anddyri, ris 0,40m. klætt innan með panel og málað. Stærð: L. 1,90m. B. 2,20m. H. 2,70m. 1 gluggi.
c) Geymsluhjallur, einlyft með risi 1,20m. Stærð: L. 3,90m. B. 2,70m. H. 2,40m. 1 gluggi.
2 eldavélar, 3 ofnar. Allt virt á 6230 kr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Í grunninn einfalt timburhús sem hefur verið stækkað. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsbyggjandi þekktur og íbúasaga. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Timburhús byggt fyrir 1918 sem stendur enn lítið breytt á þeirri hlið sem snýr að Austurgötu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhald gott. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1904** Austurgata 36 Austurgata 36

Fyrsti eigandi: Jón Mattiessen
Hönnuður: Gestur Gamalíelsson

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar



Apríl 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, stafverk | Timbur, stafverk |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðinn steinn og |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1995 | Viðbygging 6.2 ferm. | Erlendur Árni Hjálmarsson, |
| 1942 | Annar gluggi í austur minnkaður, þaki og glugga á inngönguskúr breytt | |

## Saga

Á þessum stað stóð áður bær Jóns Á Mathiesens.
Samkvæmt húsaskráningu 2008: Gerður var lóðaleigusamningur milli Jóns Á. Matthiesen og Jens Pálsonar prófasts á Görðum 16. janúar 1904. Samkvæmt brunaviðingu 1917 er húsið í eigu Guðrúnar Jensdóttur ekkju Jóns Matthiesens.
Árið 1942 er það í eigu Þorgeirs Sigurðssonar. Eftir bruna árið 1995 er húsið fært til núverandi gerðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Grunngerð húss gott dæmi um hafnfirskt timburhús frá upphafi 20. aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Einfalt timburhús með sögu sem íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af hverfisverndaðri götumynd Austurgötu og einnig mikilvægt fyrir götumynd Mjósunds. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Gunnform óbreytt en byggt hefur verið við húsið þegar það var endurbyggt eftir bruna 1995. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Veggjatítluhús, húsið var endurbyggt eftir bruna 1995. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna götumynda Mjósunds og Austurgötu. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1900** Austurgata 38

Austurgata 38

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



1918, Þjóðminjasafn, Sæmundur Guðm.



Desember, 2018 MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, stafverk | Timbur, stafverk |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak og valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Stenexklæðning |
| Þakgerð: | Flatt þak | Flatt þak |
| Þakklæðning: | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Þrílyft<br>Kjallari | Þrílyft<br>Kjallari<br>Glerskáli/Sólstofa<br>Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1987 | Útitröppur á norðvesturhlið, anddyri stækkað að núverandi bílastæði | Jón Rafn Antonsson, |
| 2000 | Húsinu breytt í bókasafn. Létt glerhús á 2. og 3. hæð. Klætt að utan með | Teiknistofa Knúts Jeppesen, Pétur Örn Björnsson, Arkitekt |
| 2002 | Opnað yfir í Austurgötu 4. | Pétur Örn Björnsson, Arkitekt |

## Saga

Stefán Rafn og Jónas áttu og ráku húsgagnaverstæði og verslun á þessum stað, Strandgötu 1. Árið 1966 flytja þeir húsgagnaverslunina upp á Reykjavíkurveg 64 þar sem leyfi hafði fengist fyrir nýbyggingu á Austurgötu 2/ Strandgötu 1. Hugðust þeir reka þar "fullkomið" veitingahús.
Skiphóll er einna þekktastur en í húsinu var síðar matsölustaðurinn Skútan og dansstaðurinn Snekkjan. Innréttingarnar fyrir Snekkjuna hannaði Hlöðver Pálsson. Trésmiðjan Birki annaðist smíði á miðhæð. Myndskreytingu gerði Halldór Árni Sveinsson. .
Iðnaðarbanki Íslands hafði útibú á jarðhæðinni frá 1967 til 1990 er Íslandbanki yfirtók Iðnaðarbankann. Hárgreiðslustofan Lokkur var í húsinu um tíma. Árið 1987 keypti Hafnarfjaðrarbær 2. hæð hússins og hluta af 3. hæð. Var sá hluti hússins notaður undir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Vitans og bæjarskrifstofur. Árið 2000 keypti Hafnarfjarðarbær hlut Íslandsbanka og flutti þangað Bókasafn Hafnarfjarðar í allt húsið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Upphaflega einfalt timburhús af danskri gerð sem er hluti af "víkingaþorpi" og nýtur sín ekki. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af verslunarsögunni og sögu húsa við sjávarmálið. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Viðbyggingar yfirgnæfa húsið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Nokkuð upprunalegt að utan þrátt fyrir risastór viðbyggingu |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er haldið við. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna aldurs og sögu. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1930** Strandgata 04 Strandgata 4

Fyrsti eigandi: Jón Mathiesen
Hönnuður: Emil Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Þjónusta




Ljósmynd um 1940 Strandgata 4



Mars 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur, hellulagt | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft |
| | Kvistir | Kvistir |
| | Ris | Ris |
| | Kjallari | Kjallari |
| | Svalir | Svalir |

**Helstu breytingar:**

1942 Tveim kvistum breytt í einn á norðausturhlið.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Þ. 18. júní 1929 samþykkti bygginganefnd Hafnarfjarðar að leyfa Jóni Mathiesen að byggja verlsunarhús á lóð hans, Strandgötu 4. Lóðin lá niður í fjöru og er húsið í flæðarmáli þar til að landfylling er gerð nokkrum árum seinna. Fyrsta brunavirðing af húsinu er gerð 31. maí 1930 og hljóðar svo: Íbúðar og verslunarhús, 2 lyft með 3,70m. risi. Niðri skipt í 3 sölubúðir, forstofur og gang. Uppi skipt í 3 veitingastofur, 1 veitngasal, 2 ganga, eldhús, bað og vatnssalerni og smáherbergi. Rishæðinni sem er með kvistum er skip í 4 stofur, eldhús, gang bað og vatnssalerni. Allt er húsið húðað, korkur á útveggjum, flísar í eldhúsum, bað og vatnssalernum. búðinni og vinnustofum. Gólf, sem ekki eru flísalögð eru ýmist kork eða dúklögð. Húsið er allt raflýst og málað. Undir öllu húsinu er 2 m. hár kjallari með 3 gluggum, skipt í 2 kæliklefa, miðstöð, 2 vörugeymslur og 2 geymslur fyrir ýmislegt. Útbygging með veggsvölum og 1 glugga, stærð 5,80m. 1,70m. 3,30m.
Jón Mathiesen sækir um að breyta húsi sínu á Strandgötu 4 samkvæmt teikningu eftir Ágúst Steingrímsson á 4. áratugnum, heimild dagbók byggingarfulltrúa 1.1.1931- bls. 325. (ekki útskýrt hver breytingin er.)
Jón Mathiesen bjó ásamt fjölskyldu sinni fyrstu árin í risinu og verslun sína hafði hann á jarðhæðinni. Á miðhæðinni var veitingasala fyrst um sinn,
Nú eru skrifstofur Hafnarfjarðarbæjar í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Verk Emils Jónssonar, reisulegt á sínum tíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af verslunarsögu Hafnarfjarðar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Við enda Strandgötunnar og var upphaflega í fjöruborðinu.. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Talsvert breytt, einkum kvistir og inngangur. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Miklar viðgerðir á sl. tíu árum. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna sögu og ástands. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1942** Strandgata 06 Strandgata 6

Fyrsti eigandi: Bæjarsjóður Hafnarfjarðar
Hönnuður: Sigmundur Halldórsson

Upphafleg notkun: Bíó og ráðhús
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi og ráðhús



Strandgata 6 um 1950



Mars 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Steining | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Útskot (karnap) | Tvílyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Útskot (karnap)<br>Kvistir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1960 | Sviðsopi og innréttingum breytt | |
| 1998 | Kvistir á vesturhlið. | Erlendur Hjálmarsson, Byggingatæknifræðingur |
| 1998 | Færa bíóhlutann nær upprunalegu útliti að innan. | Jon Nordsteien, Ólöf Flyering, Arkitekt |
| 1999 | Innra fyrirkomulag 2. hæðar. | Óli G. Þórðarson, Arkitekt |
| 1986 | Kvistir og breytt innrétting | |

## Saga

Hafnafjarðarbær reisti Strandgötu 6 sem ráðhús og kvikmyndahús. Bæjarbíó var innréttað 1942-1943 og hönnuðu Skarphéinn Jóhannesson húsgagnaarkitekt og arkitekt hússins innréttingarnar. Það var tekið í notkun 10.1.1945. Höfundar ámálaðra veggmynda í forsal voru Ásgeir Júlíusson og Atli Már. Þar er nú varðveitt upprunalegt verklag við kvikmyndasýningar og er það eini staðurinn á landinu. Lýsing á Strandgötu 6 birtist í Alþýðublaðinu þ. 10. janúar 1945 en fyrsta kvikmyndasýning bíósins var haldin sama dag. Þótti Ráðhúsið ákaflega vandað og fagurt og kvikmyndasalurinn einn sá fegursti á landinu. Húsgögn voru smíðuð hjá h.f Dverg eftir teikningum Sigmundar Halldórssonar arkitekts og Skarphéðins Jóhannessonar, húsgagnaarkitekts. Allur ágóði Kvikmyndahússins Bæjarbíós rann til byggingar elliheimilisbyggingarinnar Sólvangs. H.f. Dvergur smíðaði einnig hurðir, glugga og annan húsbúnað. Leikfélag Hafnarfjaðar hafði afnot af húsinu og húsið var leigt fyrir fundarhöld og skemmtanir m.a. hjá Slysavarnafélaginu og Barnaskólanum. Árið 1997 höfðu sýningar í Bæjarbíó lagst af og Kvikmyndasafn Íslands flutti til Hafnarfjarðar og fékk þá afnot af Bæjarbíói og hafði umsjá með húsinu til ársins 2014. Fékk húsið þá andlitslyftingu með nýju sýningartjaldi og húsið endurbætt til fyrra horfs. Nýjir lampar eftir upprunalegri teikningu voru settir upp og salerni fyrir hjólastóla komið fyrir. Bíóið er nú í umsjá menningarfélags Hafnarfjarðar. Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 friðlýsti forsætisráðherra að tillögu Minjastofnunar Íslands Bæjarbíó, Strandgötu 6 í Hafnarfirði 3. mars 2014. Friðlýsingin tekur til innréttinga í anddyri, forsal og bíósal.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Góð hönnun einkum kvikmyndahús. Virðulegt hús með útlit í samræmi við notkun. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Bíóið hefur hýst margs konar menningarstarfsemi og bygging ráðhússins var mikilvægur þáttur í sögu bæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið skipar veglegan sess við Strandgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Bíóhlutinn er nær upprunalegur en kvistir á þaki ráðhúss eru síðari tíma viðbót. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið krefst stöðugs viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Dæmi um ráðhús í litlu bæjarfélagi og einstakt kvikmyndahús sem er upprunalegt. 3. mars 2014 voru innréttingar í anddyri, forsal og bíósal friðlýstar. |
| Verndarflokkar: | Friðlýst hús - blár litur á korti | |

**Byggingarár: 1961** Strandgata 08-10 Strandgata 8-10

Fyrsti eigandi: Sparisjóður Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbær

Hönnuður: Hannes Kr. Davíðsson

Upphafleg notkun: Þjónusta

Núverandi notkun: Skrifstofur og banki



Strandgata 8-10 1962 Byggðasafn Hfj.



Mars 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Flísar | Ólífugrænar flísar, bakhlið |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | | |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Þrílyft<br>Fjórlyft<br>Kjallari | Þrílyft<br>Fjórlyft<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1989 | Gluggabreyting | |
| 1992 | Skjalageymsla byggð vestan við húsið. | Óli G. þórðarson, Arkitekt |
| 1988 | Breytingar á húshlið að Linnetsstíg | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |
| 1995 | Anddyri úr áli og gleri | Hannes Kr. Davíðsson, Arkitekt |
| 2010 | Innra fyrirkomulagi 2. hæðar breytt | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |

## Saga

Sparisjóður Hafnarfjarðar flutti starfsemi sína í fullbyggða bygginguna laugardaginn 19. desember 1964.
Á sama tíma voru í húsinu lækningastofur Ólafs Einarssonar héraðslæknis, Jóseps Ólafssonar lyflæknis og Kristjáns Jóhannssonar læknis. Einnig flutti Ólafur P. Stefánssona tannlæknir stofu sína í húsið sama ár. Hafnarfjarðarbær hefur leigt og leigir enn rými í byggingunni.
Árið 1980 var eignarhlutfall Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1571.0 m2 og Bæjarsjóðs Hafnarjfarðar 255.8m2. Nýtingahlutfall hússins var: Sparisjóður Hafnarfjarðar 682,1 m2, heilsugæsla Hafnarfjaðar 530.7 m2 og Skattstjóri Reykjaness 365.0 m2.
Árið 2007 sameinaðist Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður vélstjóra og úr varð Byr sparisjóður. Nú 2018 er Íslandsbanki hf. í húsinu ásamt skrifstofum Hafnarfjarðarbæjar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Gott dæmi um módernisma í léttum evrópskum stíl, síðari tíma breyting eyðir þeim áhrifum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Gefur mynd af sögu banka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hornhús á mikilvægum stað fyrir bæjarmyndina. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Form hússins er óbreytt en mikil breyting á gluggum gerir húsið þunglamalegra en upprunalegt útlit bar með sér. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húseiginni er haldið við. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hús á mikilvægum stað í bæjarmyndinni og í góðu standi. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár:** **1912** Strandgata 09 Strandgata 9

Fyrsti eigandi: Kaupfélag Hafnarfjarðar | Upphafleg notkun: Verslun
Hönnuður: | Núverandi notkun: Kaffihús



Strandgata 9 (5) um 1920



Mars 2018 MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Mótaðar málmplötur |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Steinsteypt |
| Útlit: | Kjallari<br>Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | Kjallari<br>Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1994 | Breyting á útliti glugga og hurðar og innraskipulagi. Breytt í kaffihús. | Helgi K. Pálsson, Sveinn Karlsson, Innanhúsarkitekt |
| 1988 | Útitröppum breytt | Jóhannes Kjarval, Arkitekt |
| 1951 | Kvistum bætt við | Sigurður J. Ólafsson, |

## Saga

Kaupfélag Hafnarfjarðar var stofnað árið 1909, félagið keypti eldra hús, Petræusarhús, reif það og byggði hús úr steinsteypu árið 1911- 1912. Kaupfélagið hafði verslun sína í húsinu fram til ársins 1944 er stjórnin ákvað að leggja hana niður.
Raftækjaverlsunin Ekkó var í húsinu 1944. 1953 seldi Kári Þórðarson o.fl. Ekkó Sigurjóni Guðmundssyni.
Mánabar opnaði 19. febrúar 1955 með heitan mat, kökur gos og annað sem selt var í sælgætisverslunum. Síminn var 9299. Talið er að Sveinn Kjarval hafi hannað innandyra í Mánabar sem var í húsinu vinstra megin.Svala Hannesdóttir opnaði snyrtistofu sína "Chéri" á efri hæðinni, þ. 11. nóvember 1955.
Í júní mánuði 1960 opnuðu Gísli og Jón Guðmundssynir, hjólbarðaverkstæði í kjallaranum undir Mánabar. Rakarastofa Einars Sigurjónssonar 1960.
1972 verslunin Perlan. 1994 flutti "Verslunin okkar" úr húsinu.
1995 Kaffihúsið/ kaffibrennslan Súfistinn sem enn starfar í húsinu.
Í risinu var innréttuð íbúð og bjó þar m.a. Hanna Davíðsson, listmálari. Árið 1995 opnaði Súfistinn þar kaffibrennslu og kaffihús. Samkvæmt fyrstu brunavirðingu var húsið einlyft með risi 3,14 m. Því var skipt niðri í sölubúð, skrifstofu og geymslu, slétthúðað að innan, búð og skrifstofa málað, uppi var (risið) óklætt á þakviði, var það notað sem vörugeymsla. Undir öllu húsinu var 1,50m hár kjallari með 3 gluggum, húðarður og notaður sem vörugeymsla.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Klassískt steinhús sem upprunlega var byggt sem verslunarhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Með elstu steyptu húsunum í Hafnarfirði með merka verslunarsögu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Vegna aldurs og staðsetningar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Þakklæðning og frágangur á sperrum ekki í samræmi við uppruna. Kvistir síðari tíma viðbót. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er haldið við. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna aldurs og menningarsögulegs gildis. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1972** Strandgata 11 Strandgata 11

Fyrsti eigandi: Venus hf.
Hönnuður: Þorvaldur S. Þorvaldsson

Upphafleg notkun: Verslanir, skrifstofur og banki.
Núverandi notkun: Verslanir og skrifstofur /



Strandgata 11, 1980



Mars 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Sléttur múr og steihnflísar |
| Þakgerð: | Lágt mænisþak. | Valmaþak, |
| Þakklæðning: | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Þrílyft | Þrílyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1999 | Stigahús einangrað og klætt að utan með Mirawall álklæðningu. | Sigurður Þorvarðarson, Byggingafræðingur |
| 2002 | Innra fyrirkomulag | Sigurþór Aðalsteinsson, Arkitekt |
| 1985 | Valmaþak á stigahús og klæða norðurvegg. | Þorvaldur S.Þorvaldsson, Arkitekt |

## Saga

Á þessum stað stóðu áður skemmur og pakkhús sem viku fyrir fiskverkunarhúsum og "Nýju rafurmagnsstöðinni" Nathan & Olsen. Ýmsir eigendur voru að þessum byggingum áður en Loftur Bjarnason eignast lóðina ásamt þeirri sem nú er Austurgata 12. Árið 1962 er gert nýtt skipulag um uppbyggingu miðbæjarins og í kjölfarið reis bygging þessi og var hún jafnan kölluð "nýja Venusarhúsið". Samvinnubankinn flutti starfsemi sína í húsið fljótlega eftir að það var tilbúið. Hákon Hertevig hannaði innréttingarnar sem voru smíðaðar hjá Kaupfélagi Árnesinga. Verslunin Málmur var á neðstu hæðinni eins verslunin Búsáhöld og leikföng. Margs konar verlsunar-, þjónustu- og skrifstofustarfsemi hefur verið í húsinu í gegnum árin.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Flulltrúi fyrir byggingu og skipulag frá 7.og 8. áratug 20. aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Fjölbreytt starfsemi í húsinu. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Ein fárra bygginga sem var reist samkvæmt miðbæjarskipulaginu frá 1962. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið lítið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið hefur fengið nokkuð viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er góður fulltrúi fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði 8. áratugarins og gildandi skipulag á þeim tíma. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1916** Strandgata 17 

Fyrsti eigandi: Hindrik J. Hansen
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Verslun
Núverandi notkun: Verslun


1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar


Mars 2018. MK

| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Pappi | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Árið 1917 byggir Hendrik J. Hansen lítið hús neðar í lóðinni, í því húsi hefur alla tíð verið einhvers konar verslunarrekstur.
Í elstu brunavirðingu af verslunarhúsinu er því lýst þannig: "húsið er einlyft með vatnshallaþaki, því er skipt í sölubúð og geymslu. Skilrúm og annar gafl klætt með timbri og fóðrað, hinir veggirnir eru húðaðir, allt málað, notað til verslunar. Útveggir úr steinsteypu, nema annar gaflinn úr timbri. Þakið úr timbri, pappavarið".
1938 er sölubúðin endurmetin.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Skúrbygging með timburklædda norðurhlið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hús með verslunarsögu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Gamalt verslunarhús og hluti af götumynd Strandgötu í yfir 100 ár. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið lítið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsin hefur fengið viðeigandi viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hús með verslunarsögu, lítið breytt. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1893** Strandgata 17b Strandgata 17b

Fyrsti eigandi: Hindrik J. Hansen
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð




Strandgata 17, 1958.




júlí 2017 (RKB)

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Járnklætt nema norðurgafl | Bárújárnsklætt nema |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak og einalla á |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 1958 4 gluggum á framhlið breytt í tvo. | Stefán Sigurbentsson, Húsasmiður |

## Saga

Húsið byggði Hendrik J. Hansen árið 1893 en hann hafði alist upp í svokölluðu Jóhannesarhúsi sem stóð ofar í lóðinni Strandgötu 19. Þótti hús þetta stórt á þess tíma mælikvarða af einbýlishúsi vera. Í elstu brunavirðingu er húsinu lýst þannig: "Húsið er ein hæð með risi 2,65m. því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel, 2 stofur fóðraðar og allt málað. Uppi er því skipt í tvennt, herbergi og geymslu, herbergið er panelað. Húsið er notað til íbúðar. Á húsinu eru 8 gluggar. Útveggir úr timbri járnklættir nema norðurgafl er timburlagður. Þakið úr timbri járnvörðu. 2 eldavélar og 2 ofnar í húsinu.
1930 sækir H.J.H um leyfi fyrir útihúsi á lóð sinni samkvæmt teikningu eftur Lárus Lárusson.
Henrik Hanssen sótti um að byggja útihús á lóðinni 1930 samkvæmt teikningu Lárusar lárussonar samkvæmt bls. 92 í dagbók byggingarfulltrúa 1929-1930. Sami eigandi Hinrik Hanssen 10.10.1932 (brunavirðing).
1980 er skráð þvottahús og geymsla á lóðinni stærð: 136m3 / 54m2

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einfalt hús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Elsta húsið við Strandgötu. Fulltrúi íbúðarhúss frá 19. öld. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er mun minna en önnur hús í nágrenninu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Grunnstærð hússins óbreytt en gluggum hefur verið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds, gluggar og bárujárn. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er gott dæmi um íbúðarhús frá 19. öld þar sem grunnformi hefur ekki verið breytt. Viðbygging hefur lágt varðveislugildi |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Einar Jóhannsson Hansen
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun / Skóvinnustofa
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Strandgata 19 um 1925



Desember 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Inngönguskúr (bíslag) | Tvílyft<br>Kjallari<br>Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2016 | Innra fyrirkomulagi íbúða breytt, byggt aftan við húsið, nýr inngangur. | Kári Eiríksson, Arkitekt |
| 1960 | Gluggum breytt | O. Sveinbjarnarson, |
| 1924 | Húsið lengt um 3,78 m og gluggum fjölgað í 20. | |

## Saga

Árið 1908 er útmæld lóð fyrir Einar J. Hansen og 1916 er mæld viðbótarlóð fyrir son hans Jón. Einar ólst upp í húsi föður síns sem stóð ofar í lóðinni byggt um 1846. Var það múrsteins hlaðið í binding sem snéri framhliðinni að höfninni og tjargað ár hvert. Var húsið kennt við eigandann Jóhannes og rifið niður skömmu eftir að nýja húsið var byggt 1908.
Í elstu brunavirðingu af húsinu stendur m.a.að undir öllu húsinu sé 2. m hár kjallari með 2 gluggum, honum er skipt í 1 íbúðarherbergi, skósmíðavinnustofu og geymslu.
Árið 1924 er samþykkt að leyfa viðbyggingu við húsið, það lengt um 3,78m og gluggum fjölgað í 20. Árið 1929 var synjað að leyfa tröppur úr steinsteypu við norðurgafl hússins, vegna brunamálalaga. 12. feb.1943 er sóttu Jón Einarsson, Gísli Sigurgeirsson go Steinunn Pálmadóttir um leyfi til að endurbyggja húsið eftir að kviknað hafði í því þ. 31. desember 1942. Leyfi veitt með þeim fyrirvara að húsið verði flutt til í götu línu eftir 15 ár bæjarsjóði að kostnaðarlausu.
Í fyrstu brunavirðingu er sagt að í kjallara hússins sé eitt íbúðaherbergi, skósmíðavinustofa og geymsla en í brunavirðingu 6. febrúar 1925 er þar geymsla og verslun. Þá er Jón Einarsson enn eigandi hússins. Ný brunavirðing 12. janúar 1944. Þá eru eigendur Jón Einarsson, Steinunn Pálmadóttir og Gísli Sigurgeirsson.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Reisulegt timburhús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af verslunarsögu bæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af götumynd Strandgötu og Thorsplansins. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Útlit hússins lítið breytt frá 1924. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Bárujár og gluggar endurnýjað á sl. 10 árum. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna aldurs og götumyndar. Er í góðu ástandi. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 2016**

Strandgata 19B

Fyrsti eigandi: EC bygg ehf.
Hönnuður: Kári Eiríksson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Janúar 2018. MK.



Apríl 2018. MK.

## Gerð húss:

| | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Svalir<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Svalir<br>Útitröppur | | |

## Saga

Á þessum stað stóð eldri viðbygging sem tilheyrði Strandgötu 19.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Steyp og bárujárnsklædd nýbygging sem er aðlöguð eldra húsi. Sameiginlegar útitröppur. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Nýtt hús án sögu. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er bakhús. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Nýtt hús sem ekki er byrjað að breyta. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýtt hús |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Nýtt hús án sögu. |

Verndarflokkar:

Byggingarár: **1942** Strandgata 21 Strandgata 21

Fyrsti eigandi: Jóel Ingvarsson
Hönnuður: Guðjón Arngrímsson

Upphafleg notkun: Verslun og skóvinnustofa á 1. hæð og
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Byggðasafn 25.4.1980



Mars 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Formað járn á efri hæð og |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris | Tvílyft<br>Ris<br>Kvistir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2006 | Farfuglaheimili á 2. hæð breytt í íbúð | Gísli G. Gunnarsson, Byggingarfræðingur |
| 1995 | Breyting á rishæð, innra skipulagi breytt. | Ólafur Ingimundarson, |
| 1999 | Þak hækkað um 80 sm og byggðir kvistir á langhliðar, svalir á suðurgafl. | Gísli G. Gunnarsson, Byggingarfræðingur |
| 2004 | Fyrirkomulagi 1. hæðar breytt, hurð út úr lagnarými | Gísli G. Gunnarsson, Byggingarfræðingur |

## Saga

Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa 1.1.1931-... er teikning samþykkt 1942. Upphaflega var verslun, skóvinnustofa og skrifstofa á 1. hæð og íbúð á 2. hæð. Eigandi 22. maí 1943 var Jóel Ingvarsson. Samkvæmt fyrstu brunavirðingu frá 1943 er byggingunni lýst sem tvílyftu stensteyptu húsi með 2ja mtr. háu risi. Á fyrstu hæð, sölubúð, skrifstofa, skóvinnustofa, geymslur, miðstöðvarklefa og V.S. Á annarri hæð, anddyri, gangur 5 stofur, eldhús og V.S.. 1. hæð rafhituð, 2. hæð vatnsmiðstöð. húsið allt raflýst.
Á þessum slóðum stóð reisulegur bær, kenndur við Ara Jónsson frá Stokkseyri, sem hann byggði bæinn. Frægt er að Þuríður formaður starfaði hjá honum við verslunarstörf um nokkurt skeið. Bær þessi var stór og reisulegur með stétt framan við húsið. Árið 1902 var bær þessi rifinn og tvílyft timburhús með skúrþaki byggt í staðinn. Það hús var síðan rifið um 1940 þar sem það stóð í fyrirhugaðri Strandgötu. Þá er þetta hús byggt í flútti við nýju götuna. Arahús nafnið hefur fylgt húsinu og er þar nú gistiheimili með sama nafni.
Skóverslun og lögfræðistofa í húsinu 1980.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Húsið er breytt frá upprunalegri gerð án tillits til byggingarstíls. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af verslunarsögu bæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Byggt fast að hraunkanti, staðsetning tók mið af legu götunnar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið mikið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsinu er haldið við. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af götumynd Strandgötu og Thorsplans |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1960** Strandgata 24

Strandgata 24

Fyrsti eigandi: Póst og símamálastofnun Íslands
Hönnuður: Gísli Halldórsson

Upphafleg notkun: Símstöð
Núverandi notkun: Þjónusta




Strandgata 24 um 1980 Byggðasafn Hfj.



Janúar 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Efri hæðir klæddar gráum |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft<br>Þrílyft |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1992 | Tveggja hæða viðbygging, risþak á eldri byggingu. | Jósef Reynis, Arkitekt |
| 1997 | Breyting á gluggaútvegg norðaustur-hliðar | Ivon Stefán Cilia, Arkitekt |
| 2004 | Breytingar inni. Nýjar svalir á norð-austurhlið. Nýjar útihurðir, | Ivon Stefán Cilia, Arkitekt |

## Saga

Í Sögu Hafnarfjarðar b.III bls. 384 stendur að:
"Ingibjörg Ögmundsdóttir sagði starfi sínu lausu sem símstöðvarstjóri frá 31. des. 1961 en þá voru stöður símstöðvarstjóra og póstafgreiðslumanns lagðar niður og stofnað embætti póst- og símstöðvarstjóra. Var Magnús Eyjólfsson ráðinn í það starf 1. janúar 1962."
Þ.3.9. 1959 voru samþykktar byggingarteikningar Gísla Halldórrsonar fyrir hinu nýja húsi Pósts og símamálastjórn
Viðbygging 1992 var reist sem pósthús.
Rauði krossinn hefur nú meðal annarra starfsemi í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Gísli Halldórsson hannaði aðalbygging-una og Jósef Reynis viðbygginguna, gott samræmi og hlutfall á milli þeirra. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Frá þeim tíma að pósthús og símstöðvar voru mikilvægar byggingar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Lokar Thorsplani að sunnan og er hluti af götumynd Strandgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggum hefur verið breytt og klæðningu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur fengið viðeigandi viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur hýst fjölbreytta starfsemi og nýtist sem slíkt. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1905** Strandgata 25 Strandgata 25

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Egilsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Þjónusta



Strandgata 25 (1920-1930) SG



## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Slétt formað blikk, kjallari | | |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak | Gluggabreyting | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | | |
| Útlit: | Ris<br>Einlyft<br>Kjallari<br>Kvistir<br>Svalir | Einlyft<br>Ris<br>Kvistir<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) | | |

## Saga

Þetta hús fékk Þorsteinn Egilsson tilteglt frá Noregi árið 1904. Lengst af átti það Einar Þorgilsson. Samkvæmt fyrstu brunavirðingu frá 1917 er húsinu lýst þannig: einlyft með risi 4,40 mrt og 2 kvistir. Niðri er því skipt í 5 stofur, eldhús, búr og anddyri, allt klætt innan með panel, stofurnar fóðraðar. Uppi skipt í 7 herbergi, klættinnan með panel og málað, baðáhöld í einu herberginu. Undir öllu húsinu er 1,7m hár kjallari úr grjóti og 1 glugga, notaður til geymslu. Miðstöðvarhitunartæki, 1 ofn, 1 eldavél og 23 gluggar á húsinu.
1975 er umboðskrifstofa Lofteiða og Shell í húsinu.
Skrifstofur og úrsmiður 1980

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Eitt af fáum gaflsneiddum timburhúsum á landinu (H.Á. Íslensk byggingararfleifð II). |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Innflutt frá Noregi. Upphaflega glæsilegt íbúðarhús, síðar skrifstofuhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af götumynd Strandgötu.<br>Götunni hefur verið breytt en hún var áður nær sjónum. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Form hússins sjaldgæft en húsinu hefur verið breytt til hins verra í tímans rás, svalir fjarlægðar, gluggum og gluggabúnaði breytt svo og klæðningu. Útitröppum breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhald sæmilegt. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna byggingarlistar og aldurs, æskilegt að húsið öðlist fyrri glæsileika. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1908** Strandgata 27 Strandgata 27

Fyrsti eigandi: Sigurður Sigurðsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hluti úr ljósmynd 1908, BH 0005 - 2118



Mars 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Viðbygging<br>Svalir | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Viðbygging<br>Svalir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1978 | Bíslag að austan stækkað um 2.5x2.85 m. | Friðþjófur Sigurðsson, |
| 1993 | Bíslag hækkaðog settir kvistir bæði á bíslag og upprunalega húsið. | Rafn Guðmundsson, |
| 1929 | Skúr við húsið breikkaður um 1 - 11/2 alin. Geymsluhús byggt á baklóðinni. | |
| 2006 | Útidyrahurð á anddyri færð í upprunalegt horf. | Glugga og Hurðasmiðjan, |

## Saga

Byggingarár Strandgötu 27 hefur verið eitthvað á reiki. Talið er að Strandgata 27 sé eldra en núverandi byggingarár segir til um samkvæmt eldri ljósmyndum.
Á þessum stað stóð áður bær kenndur við Ingibjörgu Þorsteinsdóttur ekkju Guðmundar Einarssonar. Ekki hefur tekist að sannreyna byggingarárið en samkvæmt ljósmyndum er það risið 1908.
Þorsteinn Guðmundsson sjómaður á húsið og leigir öðrum samkvæmt fasteignamati Hafnarfjarðar 1917
Árið 1929 er skúr við húsið breikkaður um 1 alin og geymsluhús byggt á baklóðinni. Yfirsmiður að skúrnum var Björn Bjarnason.
1978 er húsið teiknað upp. Þá eru engir kvistir og bíslag fyrir miðju á austurhlið. Gluggar eru þrískiptir með sex rúðum

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Upphaflega í góðum hlutföllum, síðari tíma kvistir nokkuð stórir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af elstu húsunum við Strandgötu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur við hraunjaðarinn og er mikilvægt í götumynd "gömlu" Strandgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur oft verið stækkað. Nýjir gluggafaldar og bjórar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húið er í góðu standi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna staðsetningar og er meðal elstu timurhúsum bæjarins. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1908** Strandgata 29 Strandgata 29

Fyrsti eigandi: Þórður Edilonsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Verslun í kjallara, skrifstofur uppi.



Byggðasafn Hafnarfjarðar 25.4.1980



Apríl 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Portbyggt<br>Ris<br>Kvistir | Einlyft<br>Kjallari<br>Portbyggt<br>Ris<br>Kvistir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2009 | Samkomusal breytt í kaffihús. Versl-un á neðstu hæð og skrifstofur í risi | Kári Eiríksson, Arkitekt |
| 1985 | Sótt um að fjarlægja þrjá gluggapósta á famhlið | |

## Saga

Þórður Edilonsson byggði húsið 1908.Ekki er vitað með vissu hvaða starfsemi var í kjallaranum fyrstu árin, talið er að þar hafi verið skósmíðaverkstæði, en 1916 er þar lyfjabúð og en 1918 opnar Sören Kampman lyfjaverslun sína í kjallaranum. Samkvæmt brunavirðingu 1920 er verslun í kjallara. 1921 er þar Snælandsbúð. Árið 1922 er lyfjaverslunin flutt og verslunarrýmið í kjallaranum auglýst til útleigu og í desember sama ár opnar E. Morthens nýlendu- og matvöruvöruverslun. Samkvæmt brunavirðingu 6.3.1929 er viðbygging með vatnshallaþaki við austurgafl notuð sem anddyri og biðstofa og sölubúðin ekki lengur notuð. 1933 opnaði Sigurbjörn Magnússon rakarastofu sína í kjallara húss Þórðar Edilonssonar. 1937 auglýsir "Pjetur" allskyns fisk og kjöt til sölu. 1957 er Bókabúð Olivers Steins í húsinu. Ýmsar verslanir hafa verið í húsinu i gegnum áratugina, s.s. matvöruverslun, bóka- og fataverslanir. Um 1940 er húsið í eigu Sjálfstæðisflokksins og hefur gjarnan verið kallað "Sjálfstæðishúsið". 1980 er þar vefnaðarvöruverslun og félagsheimili Sjálfstæðisflokksins.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Gott dæmi um sveiserhús frá upphafi 20. aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hús með milka sögu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af götumynd timbuhúsa frá upphafi 20. aldar við Strandgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Grunnform hússins óbreytt. Póstar hafa verið fjarlægðir úr gluggum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið haldið við. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna aldurs, staðsetningar, byggingarstíls og menningarsögu. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1967** Strandgata 31 Strandgata 31

Fyrsti eigandi: Oliver Steinn Johannesson
Hönnuður: Sigurgeir Guðmundsson

Upphafleg notkun: Verslanir og skrifstofur
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Byggðasafn Hafnarfjarðar 25.4.1980



Apríl 2018, MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Gler og állistar, | Gler |
| Þakgerð: | Flatt þak | Skúrþak- lítill þakhalli og |
| Þakklæðning: | | Dúkur |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Þrílyft<br>Kjallari | Fjórlyft<br>Kjallari<br>Svalir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1997 | Breytingar á innra skipulagi 2. og 3. hæðar. | Erlendur Árni Hjálmarsson, Byggingafræðingur |
| 1998 | Hurðir á austurhlið, inngangi á horni húss lokað og byggt upp í að hluta. | Erlendur Árni Hjálmarsson, Byggingafræðingur |
| 2015 | Húsið hækkað, settar svalir og gerðar íbúðir. Sameinað nr. 33 á efri hæðum. | Sólveig Berg, Ásdís H. Ágústsdóttir, Arkitektar |

## Saga

Húsið er byggt fyrir Oliver Stein sem hafði bóksölu á jarðhæðinni í áratugi. Nú er þarna bókaverslunin Penninn Eymundsson. Fyrsta fyrirtækið sem hóf starfsemi sína í nýbyggðu "glæsihýsi" Olivers Steins var Hárgreiðslustofa Guðrúnar en hún hafði undanfarin ár verið á Reykjavíkurvegi 16. Eiginmaður Guðrúnar, Einar Þór Jónsson húsgagnasmiður sá um innréttingarnar.
Í janúar 1968 fluttu Bæjarskrifstofurnar í Hafnarfirði á Strandgötu 31. Höfðu þær um 700 fermetra pláss í "glerhöllinni miklu".
2015 er efri hæðum hússins breytt í íbúðir og húsið jafnframt hækkað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Dæmi um verslunar- og skrifstofuhús frá 7. áratugnum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hefur hýst bókabúð frá upphafi. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Byggt samkvæmt miðbæjarskipulagi 7. áratugarins. Áberandi í götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið fékk litríkan hjúp sem var í anda upprunalegs húss þegar því var að hluta breytt í íbúðir. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið gert upp 2015. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er dæmi um verslunar- og skrifstofuhús þar sem notkun hefur að hluta verið breytt. Dæmi um skipulag frá 7. áratug 20. aldar. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1923** Strandgata 32 Strandgata 32

Fyrsti eigandi: Magnús Böðvarsson
Hönnuður: Finnur Ó Torlacius

Upphafleg notkun: Brauðgerðarhús
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun / Skrifstofa



1923 Sæmundur Guðmundsson



Apríl 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Norðurgafl |
| Þakgerð: | Mænisþak | Brotið skúrþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Kjallari<br>Reykháfur | Þrílyft<br>Ris<br>Kvistir<br>Kjallari<br>Svalir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1988 | Brunastigi | Sigurþór Aðalsteinsson, Arkitekt |
| 2013 | Gluggi á vesturhlið, breytt innra fyrikomulag kjallara og 1. hæðar | Gísli G. Gunnarsson, Byggingarfræðingur |
| 2005 | Svalir á vesturhlið á 4. hæð. Breytt innra skipulag 2. hæð. | Vigfús Halldórsson , Byggingarfræðingur |
| 1986 | Breyting á gluggum og herbergjaskipan á jarðhæð hússins | |

## Saga

Magnúsar Böðvarssonar byggði steinsteypt brauðgerðarhús á einni hæð með háu risi og kjallara árið 1923. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði og Reykjavík sameinuðustu um kaup á húsinu 1933 og Alþýðubrauðgerð Hafnarfjarðar tók til starfa. Húsið var stækkað 1945 til að skapa funda- og skrifstofuaðstöðu fyrir Alþýðuflokksfélögin í Hafnarfirði. Lokið var við stækkunina 1947. Auk skrifstofuherbergja var stór samkomusalur á efstu hæð. 1961 "Alþýðubrauðgerðin í Hafnarfirði" 1962 "Alþýðuhúsið í Hafnarfirði".
1939 er Alþýðubrauðgerðin í húsinu. Á neðri hæð voru tvær sölubúðir, bökunarherbergi, vinnustofa, mjólkurhús og afgreiðsluherbergi en uppi vörugeymsla. Árið 1972 fékk stjórn Alþýðuhússins samþykkta breytingu á 1. hæð hússins. Átti þar að vera gufubaðstofa eftir uppdrætti Magnúsar Ríkharðssonar og Óla R. Suðmarliðasonar. Guðjón Sigurjónsson flutti þangað sjúkraþjálfun sína árið 1976. Voru þar sérstakir dagar fyrir karla og konur, þó fleiri dagar fyrir karlana. 1980 er syrtistofa, nuddstofa og tónlistarskóli í húsinu og 2005 var þar rakarastofa. Lengi var snyrtistofa á jarðhæðinni. Við framkvæmdir 2014 á rýminu sem áður var port en síðar rakarastofa, kom í ljós gamla kolalúgan niður í kjallarann.

.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hefur oft verið breytt og stækkað og er ekki stílhreint. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hefur hýst fjölbreytta starfsemi. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af götumyndinni |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Efri hæðir hússins eru mikið breyttar og enginn samkomusalur lengur í húsinu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhald virðist gott. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er umsagnarskylt vegna aldurs en því hefur verið breytt mikið frá fyrstu gerð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Samvinnubankinn
Hönnuður: Hákon Hertevig

Upphafleg notkun: Banki og skrifstofur
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Byggðasafn Hafnarfjarðar 25.4.1980



Apríl 2018. MK.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steyptir og stálplötur á |
| Þakgerð: | Flatt þak | Brot í lágu þaki. |
| Þakklæðning: | | Dúkur |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Kjallari<br>Þrílyft | Kjallari<br>Fjórlyft<br>Svalir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2015 | Húsið hækkað, settar svalir og breytt í íbúðir. Sameinað nr. 31 á efri hæðum. | Sólveig Berg, Ásdíd H. Ágústsdóttir, |
| 1997 | Landsbankinn breytit innra fyrirkomulagi | Bjarni S. Konráðsson, |
| 2009 | Fyrirkomulgi 1. hæðar breytt | Kári Eiríksson, Arkitekt |
| 2000 | Innra fyrikomulagi breytt | Jón Ólafur Ólafsson, Arkitekt |

## Saga

Á þessum stað stóð áður tvílyft timburhús með lágu risi á grunnum kjallara var það byggt um aldamótin 1900. Um tíma var þar gisting, annarrs var það íbúðarhús og verslun á neðri hæðinni. Gekk húsið undir nafninu "Hótel Hekla".
Núverandi hús fyrst samþykkt í byggingarnefnd 6.8.1965
5.11.1975 er samþykkt þriggja hæða banka og skrifstofuhús með kjallara og einhalla þaki.
Bygging Samvinnubankans í Hafnarfirði.
Landsbankinn var í húsinu, síðar verslun á 1. hæð og félagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar á efri hæðunum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Dæmi um verslunar- og skrifstofuhús frá 7. áratugnum. Byggt við nr. 33 án tillits til þess húss en var gert upp með tilliti til upprunalegs útlits. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Banki og skrifstofuhúsnæði sem er nú verslun og íbúðir. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Byggt samkvæmt miðbæjarskipulagi 7. áratugarins. Áberandi í götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Breytt útlit samræmist upprunalegu gerð hússins. Inndreginni hæð bætt ofan á. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið gert upp árið 2015 |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Dæmi um hús samkvæmt skipulagi frá 7. áratug 20. aldar. Húsið er dæmi um banka- og skrifstofubyggingu þar sem notkun hefur að hluta verið breytt. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1920** Strandgata 34 Strandgata 34

Fyrsti eigandi: S. Kampmann
Hönnuður: Guðjón Samúelsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Apótek
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Byggðasafn 25.4.1980



Apríl 2018. MK

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Mótaðar málmplötur |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Kvistir<br>Útskot (karnap) | Tvílyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Kvistir<br>Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2012 | Breyting á veitingastað 1. hæð | Hilmar Gunnarsson, Arkitekt |
| 1984 | Steypt viðbygging, tvær hæðir og ris | Ingimar Haukur Ingimarsson, Arkitekt |
| 1988 | Glerveggur á vesturhlið og brunastigi | Ingimar Haukur Ingimarsson, Arkitekt |
| 1971 | Í stað miðglugga á neðstu hæð komi dyr. | Rögnvaldur Johnsen, |
| 1998 | Útlit að Strandgötu fært í upprunalegt horf. | Óli Þórðarson, Arkitekt |

## Saga

